

Nd.

45. Frumvarp til laga

[41. mál]

um breyting á lögum um söluskatt, nr. 10 frá 22. mars 1960.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr liður sem orðist svo:

Við innheimtu söluskatts skal landinu skipt í þrjú innheimtusvæði:

- 1) Reykjavík og Reykjaneskjördæmi og skal þar innheimta 10/10 söluskatts.
- 2) Vesturlandskjördæmi og Suðurlandskjördæmi og skal þar innheimta 9/10 söluskatts.
- 3) Vestfjarðakjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra, Norðurlandskjördæmi eystra og Austurlandskjördæmi og skal þar innheimta 8/10 söluskatts.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunna að framfærslukostnaður íbúa landsbyggðarinnar er á nær öllum sviðum mun hærri en á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess. Á undanförnum árum hefur töluvert verið rætt um, hvernig draga megi úr þessum mismun og þar með jafna hina ólíku búsetuáðstöðu í landinu. Sú orðræða hefur því miður leitt til lítilla athafna. Í þessu frumvarpi um breytingu á lögum um söluskatt er lagt til að lækka framfærslukostnað íbúa landsbyggðarinnar og þar af leiðandi auka jöfnuð meðal landsmanna með því að nota söluskatt sem stjórnæki í þessu skyni. Með innheimtu mismunandi söluskatts á einstökum landssvæðum næðist verulegur jöfnuður framfærslukostnaðar. Skipting landsins í þrjú innheimtusvæði mundi gera framkvæmd innheimtunnar tiltölulega einfalda. Aðrar hugmyndir, sem fram hafa komið um jöfnun framfærslukostnaðar, yrðu mun flóknari í framkvæmd og krefðust umsvifameiri stjórnsýslu. Hér er því lagt til að farin sé einföld leið í einhverju brýnasta hagsmunamáli íbúa landsbyggðarinnar.